

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 8. febrúar 2023
UST202301-323/B.S.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 - stækkun á hafnarsvæði

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030.

Núverandi hafnarsvæði er á hættusvæði C vegna ofanflóða og ekki er talið að unnt sé að verja svæðið að fullu með varnarmannvirkjum. Því er skipulagt nýtt hafnarsvæði þar sem unnt verður að tryggja betur öryggi þeirra sem þar starfa.

Umhverfisstofnun telur að í lýsingunni séu dregin fram þau atriði sem mestu máli skipta. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsingu umræddra breytinga.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur